

gert þá kröfu að dómfellda sæti áfram gæsluvarðhaldi, ef málinu verði áfrýjað.

Með skírskotun til 4. tl. 1. mgr. 67. gr. 1. nr. 74/1974 þykir rétt að taka framangreinda kröfu ákærvaldsins til greina og er dómfelldu gert að sæta gæsluvarðahaldi til uppkvaðningar fullnaðardóms í málinu, þó eigi lengur en til 1. maí 1989.

Úrskurðarorð:

Dómfellda, Sólrún Elidóttir, sæti gæsluvarðhaldi til uppsögu fullnaðardóms í máli þessu, þó eigi lengur en til 1. maí 1989.

Miðvikudaginn 23. nóvember 1988.

Nr. 367/1988. Ásgeir Sigurðsson

gegn

skiptaráðandanum í Reykjavík

Kærumál. Skipti. Réttarneitun. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili hefur með kæru 17. október sl. skotið til Hæstaréttar ákvörðun skiptaréttar Reykjavíkur frá 3. s.m. um að synja kröfu hans um skipti eða endurupptöku skiptameðferðar á dánarbúi Sigurðar B. Sigurðssonar. Kærana byggir hann á því að ákvörðunin sé réttarneitun. Hann gerir þá kröfu að ákvörðuninni verði hrundið og lagt verði fyrir skiptaráðanda að taka dánarbúið til skiptameðferðar.

Ragnar Hall, skiptaráðandi, hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar skv. 27. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Engar kröfur eru gerðar af hálfu skiptaráðanda.

Samkvæmt athugasemdum skiptaráðanda eru málavextir þessir. Með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur uppkveðnum 18. febrúar 1969 var bú Sigurðar B. Sigurðssonar tekið til gjaldþrotaskipta samkvæmt beiðni hans. Sigurður lést hinn 17. október 1970 og var gjaldþrotaskiptum á búi hans þá ekki lokið. Höfðu þá verið lögð drög að því að skiptunum yrði lokið með nauðasamningi. Dánarbú Sigurðar var afgreitt eignalaust, enda höfðu eignir hans verið dregnar undir skipti þrotabúsins. Gerði skiptaráðandi grein fyrir þessari afgreiðslu á skiptafundi hinn 13. nóvember 1970, en á þeim fundi var frumvarp að nauðasamningi borið undir atkvæði kröfuhafa. Á skiptafundinum var mættur Guðlaugur Þorláksson, bókaður sem umboðsmaður erfingja Sigurðar, en hann mun hafa haft með höndum undirbúning að gerð nauðasamningsins. Því var lýst yfir á fundinum að erfingjar hins látna „gangi inn í nauðasamningana sem aðilar í stað hins látna“. Nauðasamningsfrumvarpið var samþykkt á þessum skiptafundi og lauk þar með skiptameðferð búsins.

Lögerfingjar Sigurðar B. Sigurðssonar voru eftirlifandi maki, Karitas Sigurðsson, og tveir synir þeirra hjóna, Ásgeir Sigurðsson og Niels P. Sigurðsson. Sigurður hafði ekki svo kunnugt sé ráðstafað neinum eignum með erfðaskrá.

Karitas Sigurðsson lést hinn 18. janúar 1978. Hinn 5. maí s.á. kom Niels P. Sigurðsson fyrir skiptarétt Reykjavíkur og gaf upplýsingar um eignastöðu búsins. Hann kvað „foreldra sína“ hafa átt eftir nauðasamninga þá, sem að framan eru greindir, hlutabréf í heildverslun Ásgeirs Sigurðssonar hf. að nafnverði 43.000,00 krónur. Síðar hafi það orðið að ráði að honum hafi verið afsalað hlutabréfum þessum af tilteknum ástæðum.

Hinn 14. apríl 1982 var tekin fyrir í skiptarétti Reykjavíkur beiðni um opinber skipti á dánarbúi Karitasar Sigurðsson. Voru þá skrifuð upp sem eignir dánarbúsins hlutabréf í ýmsum félögum. Umboðsmaður Ásgeirs Sigurðssonar í því þinghaldi lýsti þá þeirri skoðun umbjóðanda síns, að framangreind bréf í heildverslun Ásgeirs Sigurðssonar hf. væru eign dánarbúsins. Þessu var mótmælt af hálfu umboðsmanns Nielsar P. Sigurðssonar. Í þessu þinghaldi var lögð fram yfirlýsing dags. 5. maí 1977 svohljóðandi:

„Ég undirrituð, frú Karitas Sigurðsson, Hávallagötu 22 í Reykja-

vik, staðfesti hér með, að sonur minn, Niels P. Sigurðsson, sendiherra, Þýskalandi, er umráðamaður og eigandi allrar hlutafjareignar minnar í Heildverslun Ásgeirs Sigurðssonar h.f., Reykjavík, að nafnverði kr. 43.000,00 —fjörtíu og þrjúþúsund krónur—.

Er yfirlýsing þessi staðfesting munnlegs samkomulags okkar frá 1972 þess efnis, enda þótt það hafi ekki tekið formlega gildi fyrir en 1.1. 1972.“

Yfirlýsing þessi er undirrituð af Karitas Sigurðsson og Niels P. Sigurðssyni, en fyrir neðan er ritað: „Samþykki framangreint: Ásgeir Sigurðsson (sign).“

Undir skipti á dánarbúi Karitasar Sigurðsson voru dregnar eignir, sem ýmist voru skráðar á hennar nafn eða hins látna eiginmanns hennar, Sigurðar B. Sigurðssonar.

Hinn 21. október 1982 var skiptafundur haldinn í dánarbúi Karitasar Sigurðsson og lagði skiptaráðandi þá fram frumvarp að úthlutunargerð úr búinu. Samþykktu báðir erfingjar búsins frumvarpið þegar á þeim fundi og var það lagt til grundvallar skiptagerð dánarbúsins.

Hinn 19. mars 1986 var skiptameðferð dánarbúsins enn tekin fyrir í skiptarétti Reykjavíkur. Var þá m.a. bókað að fáum dögum eftir skiptafund 21. október 1982 hafi lögmaður Ásgeirs Sigurðssonar haft samband við skiptaráðanda þann, sem farið hafði með skiptin, og lýst því yfir að Ásgeir hafi samþykkt frumvarpið vegna misskilnings og að hann sætti sig ekki við úthlutunina. Jafnframt hafi núverandi lögmaður hans alloft síðan óskað eftir því að skiptin yrðu tekin fyrir að nýju. Síðan lýsti skiptaráðandi þeirri skoðun sinni að hann hefði enga heimild til að endurmeta þær dómsathafnir, sem þegar hefðu farið fram vegna skiptanna, heldur hafi aðilum verið nauðugur sá kostur að áfrýja skiptagerðinni vilji þeir ekki una henni. Með því að áfrýjunarfrestur sé liðinn, án þess að skiptagerðinni hafi verið áfrýjað, fari útlagning eigna búsins fram á grundvelli skiptagerðarinnar.

Lögmaður Ásgeirs Sigurðssonar krafðist þess í þinghaldi þessu að skiptin yrðu endurupptekin, þar sem Ásgeir hafi litið svo á að úthlutunin hafi einungis átt að ná til hlutabréfa, sem engin deila hafi staðið um, en honum hafi skilist að hann ætti eftir sem áður möguleika á að draga umdeild hlutabréf undir skipti dánarbús móður sinnar.

Skiptaráðandi vísaði til þess sem áður hafði verið bókað um skiptameðferð á búinu og synjaði endurupptöku ex officio. Kvaðst lögmaður Ásgeirs Sigurðssonar taka sér frest til að ákveða hvort synjun þessi yrði kærð til Hæstaréttar. Engin kæra barst þó frá honum.

Með bréfi dags. 26. júní 1986 krafðist lögmaður Ásgeirs Sigurðssonar þess að dánarbú Sigurðar B. Sigurðssonar yrði tekið til opinberra skipta. Vísaði lögmaðurinn þar til áðurgreindrar synjunar í þinghaldi 19. mars 1986. Þessu synjaði skiptaráðandi með bréfi 9. júlí 1986. Ekki var krafist úrskurðar um þessa synjun og ekki var henni skotið til Hæstaréttar.

Lögmaður Ásgeirs skrifar skiptaráðanda enn bréf 9. mars 1987 og spyrst fyrir um skipti á þrotabúi Sigurðar B. Sigurðssonar. Því erindi svarar skiptaráðandi með bréfi dags. 21. október 1987.

Lögmaður Ásgeirs ritar skiptaráðanda bréf 7. mars 1988 og krefst enn skipta á dánarbúi Sigurðar B. Sigurðssonar eða að þau verði endurupptekin. Er beiðni þessi rökstudd með því að Ásgeir hafi ekki vitað fyrr en með bréfi skiptaráðanda 21. október 1987 hvaða afgreiðslu dánarbú Sigurðar B. Sigurðssonar fékk á sínum tíma. Hafi sú afgreiðsla ekki verið lögleg. Segir m.a. í bréfinu: „... skipta hefði þurft eignum dánarbúsins, sem m.a. voru hlutabréf í Ásgeiri Sigurðssyni hf., en þau voru að handveði hjá Landsbanka Íslands fyrir skuldum Sigurðar B. Sigurðssonar. Með nauðasamningunum hefðu hlutabréfin átt að afhendast aftur eiganda.“ Þetta erindi var áréttað með bréfi lögmannsins 17. ágúst 1988 og þess jafnframt getið að hann hafi nú fengið upplýsingar um að á tiltekinni lögmannaskrifstofu hér í borg sé að finna ýmis gögn varðandi málefni Sigurðar B. Sigurðssonar. Þess er krafist í bréfinu að skiptaráðandi kalli eftir þessum gögnum.

Þessu erindi synjar skiptaráðandi með bréfi 3. október 1988. Það er þessi synjun sem nú er kærð til Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur ekki krafist formlegs úrskurðar um kröfur sínar. Öðrum sem hugsanlega eiga hagsmuna að gæta um endurupptöku á skiptum bús Sigurðar B. Sigurðssonar hefur ekki verið veittur kostur á að koma að sjónarmiðum sínum. Ekki liggur fyrir að skiptaráðandi myndi synja kröfu um úrskurð. Meðan ekki hefur

verið synjað um slíkan úrskurð eða hann liggur ekki fyrir ber að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Miðvikudaginn 23. nóvember 1988.

Nr. 333/1987. Bæjarstjórinn á Akureyri

f.h. Eftirlaunasjóðs Akureyrarbæjar

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

gegn

Ágústi Halblaub

(Hjalti Steinþórsson hrl.)

Lífeyrisréttur. Túlkun kjarasamnings.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Benedikt Blöndal, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. nóvember 1987, að fengnu áfrýjunarleyfi 3. s.m., samkvæmt heimild í 16. gr. og 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að áfrýjanda verði gert að greiða sér 4.385,59 krónur með dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði svo sem hér segir: 2,75% frá 1. janúar 1985 til 1. febrúar s.á., 3,75% frá þeim degi til 1. mars s.á., 4% frá þeim degi til 1. júní s.á., 3,5% frá þeim degi til 1. september s.á., 3,75% frá þeim degi til 1. mars 1986, 2,75% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 2,25% frá þeim degi